


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS	ÍSL 202	
Síða 1 af 2		

Kennari	Benedikt Bragason, Emilía Baldursdóttir, Sunna Hlín Jóhannesdóttir	Sk.st.	BEB, SUN, EMB
----------------	---	---------------	---------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið yfir ýmsa þætti íslensks máls, s.s. stafsetningu, orðflokkgreiningu og greinarmerkjasetningu. Auk þess eru rifjuð upp undirstöðuatriði í meðferð ritaðs máls og farið yfir reglur um upptöku og frágang heimilda í skriflegum verkefnum. Nemendur vinna ýmis skrifleg verkefni, s.s. atvinnuumsóknir og rökfærsluritgerðir, en auk þess verður lögð áhersla á munnleg skil verkefna og reglur um framsetningu máls og munnlegan flutning rifjaðar upp í því sambandi.

Markmið:

Að nemandi:

- kunni og geti beitt helstu stafsetningarreglum
- þekki helstu orðflokka og geti nýtt sér þá kunnáttu í ræðu og riti
- kunni og geti beitt helstu reglum um greinarmerkjasetningu í texta
- kunni og geti beitt helstu reglum um meðferð og framsetningu ritaðs máls
- kunni og geti beitt helstu reglum um upptöku og frágang heimilda
- geti tjáð sig í ræðu og riti

Námsgögn:

Íslenska eitt, fyrst útgefin 2006, eftir Ragnhildi Richter o.fl.


Ítarefni með æfingum. Íslenska 202. Hefti, selt á skrifstofu VMA.

Áætlun um yfirferð:

6.1. - 7.1. Kynning á áfanga og námsefni.

1. lota 10.1. - 4.2.

Íslenska eitt, bls. 175 – 221. 5. kafli: „Álitamál og árekstrar.“ Farið yfir efni kaflans og rifjaðar upp helstu reglur um ritun, framsetningu og frágang ritaðs máls. Nemendur vinna grind að rökfærsluritgerð, bæði hvað varðar hugmyndir og uppbyggingu (5% af lokaeinkunn), og fullvinna síðan ritgerðina samkvæmt reglum þar um (20% af lokaeinkunn). Lotunni lýkur með því að nemendur kynna efni og niðurstöður ritgerða sinna munnlega (5% af lokaeinkunn). Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 30% af lokaeinkunn.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	ÍSL 202 Kennsluáætlun vorönn 2011	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

2.lota 7.2. - 18.2.

Íslenska eitt, bls. 223 – 251. 6. kafli: „Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðin/n stór?“ Farið yfir efni kaflans og unnin ýmis skrifleg verkefni, s.s atvinnuumsókn og ferilskrá (15% af lokaeinkunn). Nemendur kynna framtíðaráform sín munnlega (5% af lokaeinkunn) Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 20%.

3. lota 21.2. - 25.3.

Íslenska eitt, bls. 129 – 157. Stafsetning, orðflokkagreining og greinarmerkjasetning. Farið yfir framangreind atriði og unnin ýmis verkefni en lotunni lýkur með prófi sem gildir 30% af lokaeinkunn.

4. lota 28.3 – 29. 4.

Íslenska tvö, bls. 37 – 47, 137 – 149. Kaflar um smíði og frágang heimildaritgerða og reglur þar að lútandi. Fjallað um upptöku og frágang heimilda (tilvitnanir, tilvísanir, heimildaskrá og unnin ýmis æfingaverkefni. Lotunni lýkur með verkefni sem gildir 20% af lokaeinkunn.

Verkefni - námsmat og vægi námsþátta:

Áfanginn er próflaus i annarlök en námsmat og lokaeinkunn byggist á eftirfarandi verkþáttum annarinnar:

1. lota: Skrifleg og munnleg verkefni	30%
2. lota: Skrifleg og munnleg verkefni	20%
3. lota: Próf í lotulök	30%
4. lota: Heimildaverkefni	20%

Brýnt er að nemendur mæti vel og sinni skilvíslega verkefnavinnu sem að mestu fer fram í tímum.

Verkefnum skal skilað á tilsettum skiladegi hverju sinni, sbr. reglur þar um sem fylgja kennsluáætluninni.

Nemandi sem er veikur á prófdegi eða við önnur vinnuskil skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir nemandi próftökurétt sinn.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils